

Leiðrétting á ákvörðun nr. 196 frá 23. mars 2004 um túlkun á 1. mgr. a í 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar einstaklinga sem fá skilunar- eða súrefnismeðferð

(Stjtið. ESB L 160 frá 30. apríl 2004)

Ákvörðun nr. 196 (2004/482/EB) verði svohljóðandi:

ÁKVÖRDUN nr. 196

2007/EES/54/19

frá 23. mars 2004

um túlkun á 1. mgr. a í 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar einstaklinga sem fá skilunar- eða súrefnismeðferð (*)

(Texti sem varðar EES og samning ESB og Sviss)

(2004/482/EB)

Framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega hefur, með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja⁽¹⁾, en samkvæmt skilmálum hans ber framkvæmdaráðið ábyrgð á að fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af a-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 631/2004 frá 31. mars 2004⁽²⁾,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 163 frá 31. maí 1996 um túlkun á a-lið 22. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar einstaklinga sem fá skilunar- eða súrefnismeðferð⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 631/2004 frá 31. mars 2004, skal framkvæmdaráðið taka saman skrá yfir þá aðstoð sem er bundin, til hagræðingar, undanfarandi samkomulagi milli sjúklingsins og einingarinnar, sem lætur heilbrigðisþjónustuna í té, til þess að hún sé veitt meðan á dvöl hins tryggða stendur í öðru aðildarríki en lögbæra ríkinu. Markmiðið með þessum samningi er að auðvelda frjálsa för fólks við læknisfræðilega örugg skilyrði.
- 2) Markmiðið með undanfarandi samkomulagi, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 22. gr., er að tryggja áframhald þeirrar meðferðar sem tryggður einstaklingur

þarf að gangast undir meðan hann dvelst í öðru aðildarríki.

- 3) Í ljósi þessa markmiðs er grundvallarforsenda þess þegar skilgreina á aðstoð, sem samkomulag þarf um milli sjúklings og einingar í öðru aðildarríki þar sem umönnun er veitt, hversu lífsnauðsynleg læknismeðferðin er og sú staðreynd að aðeins er hægt að fá meðferð í sérhæfðum lækningaeiningum og/eða hjá sérhæfðu starfsfólki og/eða með sérhæfðum tækjum. Skrá, sem byggist á þessum forsendum en er ekki tæmandi, er að finna í viðaukanum við þessa ákvörðun.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Allar lífsnauðsynlegar meðferðir, sem einungis geta farið fram á sérhæfðum lækningaeiningum og/eða af sérhæfðu starfsfólki og/eða með sérhæfðum tækjum, skulu að jafnaði vera bundnar undanfarandi samkomulagi milli sjúklingsins og einingarinnar þar sem viðkomandi meðferð fer fram, til að tryggja að hægt sé að veita meðferðina meðan á tímabundinni dvöl tryggða einstaklingsins í öðru aðildarríki stendur.
2. Skrá, sem er ekki tæmandi, yfir meðferðir sem uppfylla skilyrðin, sem sett eru fram í 1. lið þessarar ákvörðunar, er að finna í viðaukanum við hana.
3. Ákvörðun þessi kemur í stað ákvörðunar nr. 163 frá 31. maí 1996. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún gildir frá 1. júní 2004.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Tim QUIRKE

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 160, 30.4.2004, bls. 135. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2004 frá 3. desember 2004 um breytingu á VI. viðauka (xxxTrygd) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 26, 26.5.2005, bls. 17.

(¹) Stjtið. EB L 149 frá 5.7.1971, bls. 2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004.

(²) Stjtið. ESB L 100 frá 6.4.2004, bls. 1.

(³) Stjtið. EB L 241 frá 21.9.1996, bls. 31.

VIDAUKI

Leiðbeinandi skrá yfir lífsnauðsynlegar meðferðir meðan á tímabundinni dvöl í öðru aðildarríki stendur og gera verður samkomulag um við eininguna, sem veitir meðferðina, áður en slík meðferð fer fram

- skilunarmeðferð
- súrefnismeðferð
